

Fjar-Landsmót ÆSKP 16. okt 2021.

Skýrsla landsmótsstjóra.



Landsmót ÆSKP á ári hverju á sér langan aðdraganda og undirbúningstíma sem hefst á því að dagsetning og staður er kynntur við lok Landsmóts árið áður. Landsmót 2021 var áformaði að halda á Sauðárkróki í október ef aðstæður vegna faraldurs og samkomutakmarkanir leyfðu. Snemma um haustið varð þó ljóst að svo myndi ekki verða og því annað árið í röð ákveðið að halda Landsmót með óhefðbundnum hætti. Árið áður hafði verið send út sameiginleg dagskrá og þátttakendur tóku þátt sjálfir heiman frá sér. Að þessu sinni voru samkomutakmarkanir rýmri og félög því hvött til að kalla saman sitt félag í gistinótt í safnaðarheimili með blandaðri dagskrá sem fór fram bæði á staðnum og í sameiginlegri útsendingu.

Mótsnefnd

Mótsnefnd ÆSKP 2021 var skipuð fólki sem tókst á við þetta erfiða og óvenjulega verkefni af innblæstri og örlæti á tíma sinn og orku. Í mótsnefnd störfuðu: Berglind Hönnudóttir, Jónína Sif Eypórsdóttir, Anna Lilja Steinsdóttir, Ásmundur Máni Þorsteinsson og Sigurður Óskar Óskarsson. Ásamt nefndarfólki önnuðust umsjón mótsins Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, framkvæmdarstjóri ÆSKP og Kristján Ágúst Kjartansson Landsmótsstjóri.

Undirbúningur

Undirbúningur fer vanalega á fullt að sumri til og þetta árið var í byrjun sumars bjartsýni og afléttingar samkomutakmarkana boðaðar í kjölfar bólusetningarátaks. Sú bjartsýni entist skammt enda fór smitum að fjölga strax í júlí og í ágúst voru strangar samkomutakmarkanir við lýði og útlit fyrir að hert yrði á frekar en slakað. Nefndin fór því þá að funda um mögulegar útfærslur Landsmóts. Um mánaðarmótin ágúst september var ÆSKP gert það ljóst að almannavarnanefnd norðurlands legðist gegn mótshaldi og óvíst væri hvort skólamannvirki fengjust leigð til starfsemi utan kennslu. Í fyrstu viku septembermánaðar var því send út tilkynning til aðildarfélaga að Landsmót yrði að öðru sinni haldið með óhefðbundnum hætti.

Hafist var handa við skipulag sem færi milliveg hefðbundins móts og þess rafræna einstaklingsmóts sem haldið var árið áður. Fyrirkomulagið var þannig að ÆSKP útbjó sameiginlega dagskrá sem send var út yfir daginn og kvöldið og æskulýðsfélög komu saman í sínu safnaðarheimili tóku þátt í útsendri dagskrá í bland við eigin dagskrá í frjálsum tíma og voru hvött til þess að hafa kvöldmat saman og gistinótt. Ekkert þátttökugjald var á þessu móti og veitti ÆSKP aðildarfélögum styrk á móti matarinnkaupum.

Landsmótsnefnd lagðist í vinnu við að móta dagskrá og semja efni fyrir þessa dagskrá. Úr varð metnaðarfullur “escape room” leikur með kirkjubema. Útbúinn var pakki með þrautum, leiðbeiningum og vísbendingum sem



leiðtogar fengu sendan og prentuðu út hjá sér til að leggja fyrir sinn hóp. Þar leystu þátttakendur þrautir undir umsjón leiðtoga sinna á hverjum stað fyrir sig en skiluðu svörum inn rafrænt jafnóðum í sameiginlegt svarkerfi. Einnig var samin spurningakeppni í pop quiz stíl sem send var út í beinni útsendingu til þátttakenda sem skiluðu svörum rafrænt einnig þar. Undirbúningur og nýsköpun þessa leikja var tímafrekur og reyndi nokkuð á samvinnu nefndarinnar. Undirbúningur vegna tæknimála var einnig nokkur sem og uppsetning á búnaði því í útsending var blanda af upptökum og beinum útsendingum frá nokkrum mismunandi stöðum. Annað árið í röð fékk ÆSKP stuðning frá Sextán-níundu sem lánaði ÆSKP allan tækjabúnað, fyrir mynd, hljóð og ljós að kostnaðarlausu. Það jók möguleika í útsendingu og einfaldaði framkvæmd án nokkurs kostnaðar.

Dagskrá

Mótið fór fram 16. október og sameiginleg útsending var frá kl.16-22. Útsending hófst á mótssetningu og ávarpi frá biskupi Íslands Agnesi Sigurðardóttur. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir tók við með ávarp sem



framkvæmdarstjóri ÆSKP og því næst kom Eva Björk Valdimarsdóttir með helgistund í beinni útsendingu frá Grensáskirkju. U.þ.b. hálf tíma síðar tók við “escape room leikurinn leiðin á Landsmót.” Hann hófst með kynningu á fyrirkomulagi og því næst tóku leiðtogar við og stýrðu leiknum í sínum hópum og þá gafst einnig rými fyrir frjálsan tíma í hverju félagi fyrir sig til að koma sér fyrir, fara í hópefli eða aðra eigin dagskrá. Gefnar voru um 100 mínútur til að klára leikinn og skila inn úrlausnum rafrænt. Þá var gert matarhlé á dagskrá þar sem hvert félag fyrir sig hafði útvegað mat að eigin vali með styrk frá ÆSKP. Eftir matarhlé hófst spurningakeppni í beinni útsendingu um kl. 19:30 og að henni lokinn tók við kvöldvaka í beinni útsendingu frá Grensáskirkju. Umsjón með kvöldvöku var Sóley Adda Egilsdóttir ásamt Elísu Sif Hermannsdóttur og Andreu Önnu Arnardóttur. Þar var stuðið keyrt upp með sprelli í æskulýðsmóta og sumarbúða stíl. Gestir á kvöldvökunni voru skemmtikraftar frá hópnum VHS sem fóru með gamanmál. Kvöldvöku var svo lokið með helgistund í umsjá Þorvaldar Víðissonar. Að helgistund lokinni var komið að lokum sameiginlegrar dagskrár upp úr klukkan 22 og móti slitið af landsmótsstjóra Kristjáni Ágúst Kjartanssyni og jafnframt tilkynn að Landsmót 2022 verði haldið á Akranesi með hefðbundnu sniði ef aðstæður leyfa. Um útsendingu og tæknileg atriði í Grensáskirkju sáu Kristján, Anna Lilja og Jóhanna Ýr.



Að lokum

Dagskrá mótsins og framkvæmd útsendingar tókst í alla staði mjög vel. Ekki verður annað heyrt af þátttakendum en að gott jafnvægi milli sameiginlegrar dagskrár í útsendingu og frjáls tíma í safnaðarheimil hafi náðst. Flest félög héldu áfram dagskrá á sínum heimavelli með gistinótt.

Þátttakendur Landsmóts voru samanlagt ríflega 160 með hópum frá Grensáskirkju, Grafarvogskirkju, Lágafellskirkju, Hallgrímskirkju, Egilsstaðakirkju, Seyðisfjarðarkirkju, Heydölum, Vopnafjarðarkirkju og Neskaupsstaðarkirkju. Fá leiðtogar þessara kirkna og þátttakendur bestu þakkir frá ÆSKP fyrir þátttöku og samstarf í þessu óvenjulega móti.

Þessi framkvæmd var stórt innlegg í reynslubanka ÆSKP og mun klárlega nýtast í framtíðinni og sér Landsmótsstjóri fyrir sér að viðburð sem þennan væri vert að endurtaka sem sjálfstæðan viðburð jafnvel þó heimsfaraldur verð liðinn hjá. Í öllu falli var sérlega mikilvægt að þetta mót gat orðið að veruleika og aðstæður mynduðust til að styðja við félögin í að búa til eftirminnilegan sólarhring með æskulýðsbörnum í löngum heimsfaraldri sem rýrt hefur mjög félagslegan þátt tilverunnar.

Samvinna nefndar, framkvæmdarstjóra og landsmótsstjóra einkenndist af gleði, lipurð og bjartsýni og velvild og stuðningur innan og utan Kirkjunnar var víða auðsýndur. Ég vil þakka Landsmótsnefnd, framkvæmdarstjórum ÆSKP Jónínu Sif og Jóhönnu Ýr fyrir samvinnuna. Biskupi Íslands Agnes Sigurðardóttir, Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir og Sr. Þorvaldur Víðisson fá bestu þakkir fyrir sitt framlag til dagskrár og helgistunda. Helgi Jóhannesson hjá Sextán-níundu fær þakkir ÆSKP fyrir tæknilegan stuðning og styrk í formi tækjaleigu án endurgjalds. Að lokum vil ég þakka leiðtogum sem höfðu trú á þessu verkefni og tóku þátt og öllum öðrum sem lögðu Fjarmóti ÆSKP lið. framlag allra þessara skilaði sér í farsælu móti sem hægt er að minnast með stolti.

Kristján Ágúst Kjartansson
Landsmótsstjóri ÆSKP 2021